

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Krókháls 6 og Lyngháls 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 13. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðanna nr. 6 við Krókháls og 5 við Lyngháls. Í breytingunni felst breyting á lóðamörkum þar sem laufskáli sem tilheyrir eigninni að Krókhálsi 6 stendur að hluta til á lóðinni Lyngháls 5. Lögum lóðanna mun breytast í samræmi við þann part af laufskálanum sem stendur inni á lóðinni Lyngháls 5. Lóðin við Krókháls 6 mun stækka um 15,8 m² og lóðin Lyngháls 5 minnka sem því nemur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rökkvatjörn 5-11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 5-11 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir fjórar raðhúsaeyningar sem í gildandi deiliskipulagi er 34,60 m x 10 m er breytt þannig að hann verður 34,60 m x 11,60 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Völvufell 7A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, Fell, vegna lóðarinnar nr. 7A við Völvufell. Í breytingunni felst breyting á notkun hússins úr skóladaheimili í vistheimili fyrir ungmenni ásamt færslu á lóðarmörkum til suðurs þannig að lóð minnkar um 500 m². Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rökkvatjörn 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 13. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 1 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að bætt er við byggingarreit fyrir sorpgáma og leyfi fyrir innganga frá garði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. janúar 2021.

Björn Axelsson.